



Vettvangskennsla og þróun viðarvinnslu í Heiðmörk

Teitur Björgvinsson

Skógræktarfélag Reykjavíkur (teitur@heidmork.is)

Í Heiðmörk starfrækir Skógræktarfélag Reykjavíkur litla viðarvinnslu. Markmið hennar er tvíþætt: Að framleiða verðmæti úr grisjunartimbri og styðja við fræðslu- og þróunarstarf.

Heiðmörk er fyrst og fremst útivistarsvæði. Skógurinn hefur náð þeim aldri að nauðsynlegt er að grisja nokkra hektara á ári hverju. Úr timbrinu er hægt að framleiða kurl og eldivið en einnig verðmætari vörur. Skógarauðlindin er vaxandi í Heiðmörk og almennt á Íslandi og því til mikils að vinna að byggja upp þekkingu á bæði viðarframleiðslu og notkun íslenskra viðarafurða.

Lítil viðarvinnsla í jaðri höfuðborgarsvæðisins, sem byggð er á sjálfbærri nýtingu, er kjörin til að sinna fræðslustarfi, efna til samstarfs við ólíka hópa og styðja við margs konar vöruþróun og nýsköpun. Frá vorinu 2021 hefur verið tekið skipulega á mótí trésmíðanemum, nemendum í vöruhönnun, arkitektúr og fleiri greinum. Námsefnið Skógarnytjar var útbúið með styrk frá Þróunarsjóði námsgagna. Félagið hefur einnig átt í margs konar samstarfi við fagfólk og áhugafólk um allt frá því að saga við í innréttingu úr ilmreyni sem óx í einkagarði til framleiðslu á útiborðum í samstarfi við trésmíðaverkstæðið Fangaverk. Á þessu ári verður unnið verkefni sem snýst um möguleika á að framleiða gæðatimbur úr trjám sem eru felld í einkagörðum og á almenningsvæðum.

